

Rannsókn um áhrif jafnara kynjahlutfalls í starfsmannahópnum á leikskólastarfið



Höfundar:
Guðrún Alda Harðardóttir,
Hörður Svavarsson,
Elín Guðrún Pálsdóttir.

1. Inngangur

Leikskólastarf er talið vera ein kynjaðasta starfsgreinin, en leikskólakennarar eru einnig í einstakri stöðu til að stöðva, koma í veg fyrir og brjóta upp staðalímyndir kynja vegna þess að leikskólabörn eru enn að móta eigin kenningar um samfélagsveruleika og eigin stöðu þar. (Warin og Adriany, 2017). Jafnrétti er einn af grunnþáttum menntunar hér á landi og á að vera hluti af menningu hvers skóla (Kristín Dýrfjörð og félagar, 2013). Fyrri rannsóknir á leikskólastarfi í ljósi kynjafræða benda til skorts á margbreytileika; hefðbundnar staðalímyndir virðast rótgrónar í leikskólamenningu. Markmið rannsóknarinnar sem hér er kynnt er að skoða hvernig áhrifa megi gæta í leikskólastarfi þar sem hlutfall karlmannna er hátt í starfsmannahópnum. Rannsóknin fór fram í einum leikskóla, rannsóknargögnum var safnað jafnt og þétt yfir eitt skólaár, 2016–2017. Helstu niðurstöður sýna örugg og sjálfstæð börn óháð kyni, sem gerðu oft kynusla. En þessar niðurstöður eru ólíkar fjölda fyrri rannsókna sem sýna stelpur sem hlédrægar og háðar fullorðnum en stráka sem ákveðna og sjálfstæða (Hyun og Choi, 2004; Wahlström, 2003).

Rannsóknin var styrkt af Jafnréttissjóði Íslands. Frumniðurstöður rannsóknarinnar voru kynntar í Háskóla Íslands þann 6. október 2017 á Menntakviku Menntavísindasviðs. Höfundar munu einnig rannsóknina á ráðstefnum erlendis og skrifa greinar um rannsóknina í innlend og/eða erlend fræðirit.

22.1.2018
Reykjavík

Dr. Guðrún Alda Harðardóttir



Hörður Svavarsson



Elín Guðrún Pálsdóttir



2. Bakgrunnur rannsóknarinnar

Í þessum kafla er gerð grein fyrir leikskólanum þar sem rannsóknin var unnin. Í leikskólanum voru 120 börn á aldrinum 2-6 ára. 51 % drengir og 49% stúlkur. 30 börn í hverjum árgangi. Í viðkomandi leikskóla hefur verið jafnara kynjahlutfall í starfsmannahópnum en almennt er.

Leikskólinn er rekinn í anda hugmyndafræði Loris Malaguzzi (1998) sem oftast er kennd við ítalska bæinn Reggio Emilia. Samkvæmt þeim hugmyndum er áhersla lögð á að auka möguleika barna til áhrifa í leikskólastarfinu. Malaguzzi áleit að skólastofnun ætti að vera staður til að efla vitund um lýðræðislega hugsun, hún eigi að skapa börnum fjölbreytt tækifæri til að ígrunda mikilvægi lýðræðislegrar þátttöku þeirra í samfélaginu. Í skólastarfi í anda Reggio Emilia felst valdefling barna (e. empowerment). Malaguzzi taldi að allt skólastarf þyrfti að einkennast af viðurkenningu og virðingu fyrir barninu, hugmyndum þess, kenningum (e. theories) og tilgátum. Hann sá kenningar barna sem túlkanir þeirra á umheiminum, og taldi enn fremur að í skólastarfi þyrfti að hvetja börn til að móta eigin kenningar (Hoyuelos, 2013). Samkvæmt skólanámskrá viðkomandi leikskóla er lögð áhersla á leik sem undirstöðu náms hjá börnunum, skapandi starf og umhverfi leikskólans á að styðja við náttúrulega rannsóknar- og sköpunarþörf barnanna. Þar er ætlast til að leikskólastarfið sé skoðað með kynjafræðilegum gleraugum. Hið kynjaða sjónarhorn er þannig hluti af menningu skólans og daglegum venjum. Í ljósi þess sem hér hefur verið ritað er áhugavert að skoða birtingamyndir kyngervis barnanna í viðkomandi leikskóla, hvernig þau túlka það sem fyrir þeim er haft og móta sér kenningar.

Í fyrri rannsóknum á birtingamyndum kyngervis í leikskólastarfi hefur skort upplýsingar um starfsmannahóp þess skóla sem rannsakaður er líkt og gert er í þeirri rannsókn sem hér er kynnt. Í leikskólanum sem rannsóknin fór fram starfa um 30 starfsmenn á aldrinum 20 – 67 ára, menntun þeirra er frá stúdentsprófi til doktorsprófs (þar af 13 leikskólakennarar ýmist með B.Ed., M.Ed. eða Phd. í leikskólafræðum), 70% eru konur og 30% karlar. En samkvæmt tölum Hagstofu Íslands (2018) var 6% starfsmanna í leikskólum karlkyns. Leikskólastjórinn er karl. Líkt og sjá má er starfsmannahópurinn fjölbreyttur og til að gefa ennfrekari innsýn inn í fjölbreytnina eru hér dæmi um lýsingu á 4 starfsmönnum. Hér er notað kynlausu persónufornafnið hen í stað hann/hún.

- Hen-1 starfaði með 5 ára börnum, hen stýrir íþróttum í skólastarfinu, og er með menntun á því sviði og keppir í fótbolta.
- Hen-2 starfaði með 4 ára börnum, hen beitir töluvert tónlist í starfinu og er með nokkra menntun á því sviði.
- Hen-3 starfaði með 3 ára börnum, hen notar allnokkuð heimspekilega nálgun í starfi með börnunum og er með uppeldismenntun.
- Hen-4 starfaði með 2 ára börnum hen notar frásagnir og lestur mikið í starfinu með börnunum og er með háskólamenntun.

Hen 1 og 3 eru konur og Hen 2 og 4 eru karlar. Hér næst verður gerð grein fyrir rannsóknaraðferð og gagnaöflun.

3. Aðferð

Vegna eðlis viðfangsefnis og rannsóknarspurningar þessarar rannsóknar, er valið að beita eigindlegum rannsóknaraðferðum þar sem viðföng eru skoðuð án fyrirfram gefins þröngs ramma (Cohen og Manion, 1994). Leikskólinn sem hér um ræðir notar aðferðir starfendarannsóka til skólaþróunar, þar sem starfshættir eru þróaðir í beinu samstarfi (Kristín Þórarinsdóttir og Rúnar Sigbórsson, 2013). Starfsfólk leikskólans starfar sem eitt teymi; það má segja að kennari sem varpar fram hugmynd inní starfsmannahópinn hann „gefur“

hópnum hugmyndina, hópurinn ræðir hana, upphafleg hugmynd breytist kannski í umræðu starfsmannahópsins og niðurstaðan verður sameiginleg hugmynd hópsins sem byggir ef til vill upphaflega á hugmynd/kveikju eins kennara. Í slíkum anda hafði skólastarfið þróast í sjö ár þegar sú rannsókn sem hér er kynnt fór fram. Skólinn hefur unnið að umbyltingu á rótgrónum hefðum líkt og matmálstímum í leikskóla, aðlögun barna í upphafi leikskólagöngu, valdeflingu barna, svo eitthvað sé nefnt. Þar sem hátt hlutfall karlmanna í starfsmannahópnum hefur verið til sjö ára, þá þótti áhugavert að skoða kyngevri barnahópsins, birtingamyndir þess í leik og starfi barnanna, um það fjallar þessi rannsókn.

Rannsóknargögnum var safnað jafnt og þétt yfir eitt skólaár, 2016–2017. Gögnunum var safnað við sem eðlilegastar aðstæður þátttakenda og reynt að öðlast skilning á þeim og komast að innsta kjarna reynslu þeirra og upplifanna. Gerðar voru þáttökuathuganir, myndbandsupptökur, skráningar og teknar myndir; 971 ljósmynd og 120 myndbandsupptökur. Þáttökuathuganirnar voru óformaðar en með rannsóknarspurningarnar í huga, og athuganirnar gerðar við eðlilegar aðstæður í leikskólanum. Gögnin síðan afrituð og lesin í þaula.

Rannsakandi þarf að gera sér grein fyrir eigin áhrifum á vettvangi og á eigin vali og skrifum. Hvað vekur til dæmis athygli hans, hvað leggur hann áherslu á að lýsa, hvað honum finnst skipta máli o.s.frv. (Eneroth, 1984). Í þessari rannsókn voru rannsakendur af báðum kynjum og starfa í viðkomandi leikskóla og hafa reynslu og þekkingu á kynjafræðum.

Rannsóknin sem hér er kynnt takmarkast við rannsóknaraðferðina þar sem hún veitir aðeins innsýn í viðfangsefnið en hefur ekki alhæfingargildi. Aðeins er skoðaður einn leikskóli þar sem rannsakendur starfa sjálfir. Þrátt fyrir þessar takmarkanir getur rannsóknin verið viðbót við þær fáu rannsóknir sem til eru um efnið.

Rannsóknarspurningar:

- Hvernig áhrifa má gæta í leikskólastarfi þar sem hlutfall karlmanna er hátt í starfsmannahópnum?
 - Hvernig er kynjaskipting barnanna á vali á félögum, leikskólasvæðum og leikjum í leikskólanum? Hverjar eru birtingamyndir kyngevris barnanna?

4. Fyrri rannsóknir og niðurstöður rannsóknarinnar

Í þessum kafla verður fræðum og niðurstöðum fyrri rannsókna fléttað saman við niðurstöður rannsóknarinnar sem hér er kynnt.

4.1. Kyngervi barna

Í þessari rannsókn er stuðst við skilgreiningu Butler (2004, 2006) á hugtakinu kyngervi (e. gender) sem segir að félagslega ráðandi norm kynja setji kynin í hlutverk sem þau eigi að aðlaga sig að og geri þau það ekki, geti það valdið útilokun sem hafi mótandi áhrif á sjálfsmynd einstaklinga. Þetta merkir að kyngervi er í eðli sínu óstöðugt. Kyngervi vísar til ríkjandi hugmynda í samfélaginu um merkingu þess að vera stúlka eða drengur, til dæmis hvernig hegðun þeirra eigi að vera og hvernig þau eigi að líta út. (Betz, 2004; Hackett, 1995). Fjöldi fyrri rannsókna sýna stelpur sem hlédrægar og háðar fullorðnum en stráka sem ákveðna og sjálfstæða (Hyun og Choi, 2004; Wahlström, 2003).

- ✓ Rannsóknargögn rannsóknarinnar sem hér er kynnt sýna börnin sem örugg í fasi óháð kyni - ekki háð fullorðnum. Til að mynda má greina í rannsóknargögnunum að börnin gengu óhikað og örugg til verks hvort sem það var að velja sér mat af hlaðborði, velja sér sæti í matstofu skólans eða velja sér viðfangsefni að lokinni máltíð inni á deild. Nokkrir af eldri drengjunum og nokkrar af eldri stúlkunum sóttust í að sitja í fangi starfsmanns og virtist val þeirra á starfsmanni frekar vera einstaklingsbundinn en kynbundinn. Fang sumra karlkennaranna og kvennkennaranna voru vinsælli hjá börnunum en fang annarra kennara. Börnin virtust ekki hafa þörf á að fullorðinn væri nálægt þeim, barnahópurinn sem slíkur virtist vera þeim mikilvægari en þeir fullorðnu.

Fyrri rannsóknir benda til þess að hefðbundnar staðalímyndir séu rótgrónar í leikskólamenningu (Guðrún Alda Harðardóttir, 2014), rannsóknir Browne (2004) og Östrem (2009) sýna hefðbundna kynjaskiptingu barnanna bæði á vali á félögum, leikskólasvæðum og leikjum.

- ✓ Í rannsókninni sem hér um ræðir voru rannsóknargögnin m.a. greind eftir árgöngum og útfrá hópunum; stúlkur og drengir.
- ✓ Yngsti árgangurinn í leikskólanum - tveggja ára börn og yngri, voru ekki upptekin af kyni.
- ✓ Næst yngsti árgangur - þriggja og fjögurra ára börn, voru upptekin af eigin kyni. Sá árgangur sótti í að leika sér við samkynja vini, nokkur barnanna sögðust ekki leika við hitt kynið, flokkuðu t.d. klósettin í stelpu og stráka klósett. Þó voru ekki öll börnin eins upptekin af kyngervi sínu, þau léku jafnt við stráka og stelpur.
- ✓ Í næst elsta árgangnum - fjögurra og fimm ára, léku börnin lítið við samkynja vini, börnin léku sér mikið í fjögurra til sex barna hópum oft börn af báðum kynjum, nokkrum sinnum var aðeins annað kynið.

- ✓ Í elsta árgangnum - fimm og sex ára, léku börnin sér mikið í fjögurra til sex barna hópum oft börn af báðum kynjum en einnig völdu þau töluvert að leika sér í samkynja hópum.

Margir rannsakendur kalla eftir endurskoðun kynjafræða innan leikskólafræða og frekari margbreytileika í rannsóknum þar um (Nordvik og Moe, 2012). Eidevald (2009:25) og Thorne (1993) telja til að mynda að í fáum rannsóknum sé verið að skoða kyngervi barna útfrá sjónarhorni einstaklinga, flestar rannsóknanna skoði stúlkur sem einn hóp og drengi sem annan hóp. Eidevald álitur ennfremur að margar lýsingar rannsakenda á stúlkum og drengjum styrki frekar hefðbundna staðalímynd kynja en að ögra slíkri ímynd. Rannsóknirnar sýni fremur staðalímyndir af viðhorfum fullorðinna til kynja t.d. að stúlkur séu rólegar og drengir virkir, en fjalli ekki um hvort það hafi átt við um allar stúlkurnar og alla drengina – sem geri að verkum að rannsóknirnar styrki staðalímyndir kynja og ögri þeim ekki. Í þeirri rannsókn sem hér er kynnt er kyngervi leikskólabarnanna ekki aðeins skoðað útfrá sjónarhorni aldurshóps og kyns, heldur einnig útfrá sjónarhorni einstaklinga.

Hér eru rannsóknargögnin ekki greind útfrá börnum sem hópi heldur er leitast við að segja sögu einstakra barna, sem valin voru af handahófi. Hér er notað kynlausa persónufornafnið Hen í stað hann/hún.

Hen - 5

Hen-5 er fimm ára barn sem velur oft að leika hlutverkaleiki, hen leikur oftast með stelpum en stráku, hen er oftast leiðtogi í leiknum; kemur með hugmyndir að leik og á auðvelt með að spinna með öðrum börnum. Hugmyndir hen að leik eru mjög fjölbreyttar, t.d.: í löggum og bófa-leik þar sem hen lék löggum. Í hlutverkaleik með 3 börnum – þar sem hen leiddi leikinn. Í „mömmó“ þar sem hen lék mömmu, dans sem hen dansaði líkt og sjá má í tónlistarmyndböndum með fáklæddu fólki.

Hen - 6

Hen-6 er fimm ára barn sem velur álíka oft að leika við stelpur og stráka, virkni hen er mikil í leik hvort sem um er að ræða byggingaleiki eða hlutverkaleiki. Hen á auðvelt með að spinna með öðrum börnum í hlutverkaleikjum en er sjaldan leiðtogi hópsins. Hugmyndir hen að leik eru mjög fjölbreyttar, t.d.: í að leika kisu í hlutverkaleik með báðum kynjum, annað barn leiddi þann leik. Í að leika konu með stór brjóst í leik með öðru barni sem lék óléttu konu.

Hen - 7

- ✓ Hen-7 er fjögurra ára barn, þegar hen var tæplega þriggja ára óskaði hen eftir að klæðast kjólum, sem hen og gerði daglega í um það bil rúm ár. Eftir þann tíma klæddist hen ýmist kjólum eða buxum. Hen velur oft að leika við stelpur áhugasvið hens (myndmennt) er vinsælli af stúlkum en drengjum.

Hen - 8

- ✓ Hen-8 er fjögurra ára barn, hen velur mjög oft að leika hlutverkaleiki, hen leikur álíka oft með stelpum og stráku, hen er oftast leiðtogi í leiknum; setur fram hugmyndir í leiknum sem hin börnin fara eftir.

Hen 5 og 8 eru stúlkur og Hen 6 og 7 eru drengir.

4.2.Kynusli

Samfélög setja sér viðmið, venjur eða norm og einstaklingarnir eiga að laga sig að normum samfélagsins, þannig geta normin stýrt eða haft afgerandi áhrif á líf einstaklinga, það á ekki síst við um kynjanorm (Butler, 2004). Þegar strekt er á mörkum norma staðalímynda kynja eða farið er yfir þau er það nefnt kynusli (e. genderbender). Kynusli getur veitt einstaklingum fjölbreyttari möguleika til mótunar og endurmótunar (e. (re)construct) félagsproska. (Buono et al., 1985; Butler, 2004; Nahavandi and Malekzadeh, 1988). Í rannsókn Malmqvist og Thurfjell (2017) kemur fram að leikskólabörnin í þeirri rannsókn leiðréttu og/eða útilokuðu þau börn sem gerðu kynusla. Niðurstöður rannsóknar Guðrúnar Öldu Harðardóttur (2014) sýna að sterk tilhneiging var hjá kennurunum að flokka börnin í stúlkna- og drengja „flokk“ og þessi viðmið stýrðu börnunum inná á ríkjandi kvenlæg og karllæg viðmið. Einstaka börn féllu ekki inní viðmiðin, nokkrir kennarar beindu þeim börnum inná „æskilegt“ viðmið. Í þróunarverkefni um jafnrétti kynjanna í leikskólanum Geislabaugi (Jóhanna Kr. Jónsdóttir og félagar, 2015) kemur fram að stelpurnar þar virtust eiga auðveldara með að stíga yfir „strákalandamæri“ en að stákar stígi yfir „stelpulandamæri“. Í þeirri rannsókn sem hér er kynnt, fóru bæði kyn yfir „kynbundin landamæri“.



Rannsóknargögnin sýna fjölmörg dæmi um að börnin gerðu kynusla, hér verða nokkur dæmi nefnd.

- ✓ Margar stúlkanna; léku leiki sem oft er litið á sem strákaleiki t.d. sóttu þær í að leika slagsmál við drengi og „löggu og bófa leiki“.
- ✓ Margir drengjanna; klæddust litríkum fötum, höfðu tagl, tíkaspennu og fléttur í hári, voru með naglalakk á fingrum svo eitthvað sé nefnt.



- ✓ Rannsóknargögnin sýna stráka leika konur í hlutverkaleik, þar sem þeir klæðast kjól og troða inná sig Sollu styrðu búning, í þeim tilgangi að gera brjóst og maga. Annar drengjanna gerir brjóst á sig og hinn maga til að vera barnshafandi. Hér er nánari lýsing á þeim leik.

Bjarni og Karl (tilbúin nöfn) báðir 5 ára, eru í leik á hlutverkasvæði deildarinnar, báðir hafa klætt sig í eins bleika pífukjóra. Bjarni situr á gólfinu og treður flík inn undir kjólinn sinn og ýtir henni upp fyrir magann, bunga myndast á kjólinn hægramegin í brjósthæð hans. Karl stendur, beygir sig og tekur flík frá gólfinu og treður henni undir sinn kjól. Bjarni stendur upp, heldur

við flíkina sem er undir kjólnum hans og segir „má ég fá hinn Sollu stirðu kjólinn?“ Karl segir „já, og ég“ Bjarni gengur til Karls, þeir standa fyrir framan hvorn annan, annar með bingu í brjósthæð og hinn með bingu við magann, Karl strýkur rólega með báðum höndum yfir sinn maga. Hægra brjóst Bjarni lekur niður og hann ýtir því upp aftur og segir „við skulum hafa þetta hér“. Bjarni gengur nær Karli og horfir í andlitið á honum og segir „höfum það eins og brjóst“. Þeir horfast í augu og Karl strýkur um magann líkt og fyrr, Bjarni strýkur um sitt brjóst og segir „viltu ekki hafa brjóst? Ég þarf tvö“ Karl bendir á brjóst Bjarna og segir „þetta eru í þykjustunni tvö“ Bjarni segir „má ég fá hinn Sollu stirðu kjólinn?“ „Karl dregur Sollu stirðu kjól undan kjólnum sínum, Bjarni tekur kjólinn og setur undir sinn kjól og segir „Þú getur fengið einhvern annan kjól“ Bjarni lagfærir og mótar brjóstin sem eru nú orðin tvö undir kjólnum, á meðan stendur Karl og strýkur báðum höndum um magann. Karl gengur að svæði þar sem búið er að raða dýnum á hlið, opnar „dyr“, gengur inní rýmið og segir „við komum inní húsið“, lokar „dyrunum“ og strýkur með báðum höndum um magann líkt og fyrr.

Hvorki börn eða starfsfólk gerðu athugasemdir við leik drengjanna, þó hann sé greinilegt merki um kynusla.

4.3. Viðhorf kennara

Breytni fólks ræðst einkum af hugmyndum þess um sjálft sig (Heider, 1988), einstaklingar byggja viðmið sín á því sem fyrir þeim er haft og ríkjandi normum. Fjölmargar rannsóknir sýna að viðhorf kennara, eru sterkasti mótunarþáttur í þeirra starfi (Dahlberg o.fl., 2007; Ekholm og Hedin, 1993; Jordan, 2004; Katrín Friðriksdóttir og Sigrún Aðalbjarnardóttir, 2002; Sigrún Aðalbjarnardóttir, 2007). Stór megindeleg rannsókn þeirra Drange og Rønning (2017), um gæði í leikskólastarfi sýnir að börn sem gengu í leikskóla þar sem fjöldi karlkyns starfsmanna var mikill, fengu hærri einkunnir í fyrstu bekkjum grunnskóla. Browne (2004) telur að starfsmenn leikskóla stuðli að staðalmyndum kynja, í rannsókn Östrem (2009) kom einnig fram að hefðbundnar staðalímyndir kynja voru sjaldan brotnar upp af starfsfólkinu. Með fyrrgreint í huga er áhugavert að skoða birtingamyndir kyngervi leikskólabarna í þeirri rannsókn sem hér er kynnt. Hvernig áhrifa megí gæta í leikskólastarfi þar sem hlutfall karlmanna er hátt í starfsmannahópnum.

Rannsókn Davies (1989) á fjögurra og fimm ára leikskólabörnum sýnir mikilvægi þess að þeim sé veitt frelsi til að staðsetja sig á fjölbreytilegan máta, hvort sem það flokkast undir skilgreiningu fullorðinna á því karllæga eða kvenlæga. Í rannsóknarsamantekt sinni komast þær Scott og Schau (1985) að því að nemendur vanir fjölbreyttum verkefnum sem spegluðu áhugasvið beggja kynja voru líklegri til að þroska með sér umburðarlyndi gagnvart hlutverkum kynja. En samkvæmt rannsóknum MacNaughton (2001) og Månsson (2000) þurfa kennarar að skapa aðstæður sem stuðla að því að brjóta upp staðalímyndir. Áhugavert er að skoða hvort kennarar þess leikskóla sem hér er rannsakaður geri það.

- ✓ Samkvæmt niðurstöðum þessarar rannsóknar má sjá í rannsóknargögnum merki um að nokkrir starfsmenn klæði sig markvisst til að brjóta upp staðalímyndir kynja; t.d. klædist leikskólastjórinn ýmist jakkafatajakka eða bleikum íþróttajakka. Sumir kvennkennaranna vinna með verkfæri eins og hamar, bor, sög..., karlkennararnir skipta um bleyjur á börnunum til fulls á við kvennkennarana. Greina má að kennararnir

stuðla að og skapa fjölbreytt tækifæri fyrir börnin sem spegluðu áhugasvið beggja kynja. Í rannsóknargögnum má greina mikla fjölbreytni í verkefnum barnanna, þar má nefna jólagjafir fjögurra og fimm ára barnanna til foreldra sinna, hvert barn ákvað hvað það vildi búa til og gefa. Almennt byggðu verkefnin í leikskólanum á áhugasviði barnanna.

5. Umræða

Í þeirri rannsókn sem hér hefur verið kynnt var lagt upp með rannsóknarspurninguna: Hvernig áhrifa má gæta í leikskólastarfi þar sem hlutfall karlmanna er hátt í starfsmannahópnum? Í stuttu máli má segja að rannsóknargögnin sýna örugg og sjálfstæð börn óháð kyni, sem gerðu oft kynusla. En líkt og fram hefur komið eru þessar niðurstöður ólíkar fjölda fyrri rannsókna sem sýna stelpur sem hlédrægar og háðar fullorðnum en stráka sem ákveðna og sjálfstæða (Hyun og Choi, 2004; Wahlström, 2003). Hafa ber í huga að rannsóknin sem hér um ræðir hefur ekki alhæfingargildi, hún er aðeins gerð í einum leikskóla, frekari og víðtækari rannsóknir sem færi fram í fleiri skólum væru því áhugaverðar. En þrátt fyrir að ekki sé hægt að alhæfa útfra niðurstöðum þessarar rannsóknar þá eru þær mikilvægar í þeim skilningi að þær varpa kastljósi á mikilvægi fjölbreytileika, þar að segja stuðlar fjölbreytileiki í starfsmannahópnum að fjölbreytni í hugsun og atferli barnanna?

Líkt og fram hefur komið er kynusli þegar strekt er á mörkum norma staðalímynda kynja eða farið er yfir þau. Kynusli getur veitt einstaklingum fjölbreyttari möguleika til mótunar og endurmótunar félagsþroska. (Buono et al., 1985; Butler, 2004; Nahavandi and Malekzadeh, 1988). Í rannsóknum kemur fram að kennurum og leikskólabörnum er gjarnan tamt að leiðrétta þau börn sem gera kynusla (Guðrún Alda Harðardóttir, 2014; Malmqvist og Thurfjell, 2017). Líkt og greint er frá hér að ofan sýna rannsóknir mikilvægi þess að börnum á leikskólaaldri sé veitt frelsi til að staðsetja sig á fjölbreytilegan máta, hvort sem það flokkast undir skilgreiningu fullorðinna á því karllæga eða kvenlæga. (Davies, 1989; Scott og Schau, 1985). Í rannsóknargögnum rannsóknarinnar sem hér er kynnt birtist fjölbreytileiki sterkt; verkefnaval barnanna var fjölbreytt og byggði almennt á áhugasviði barnanna, starfsmannahópurinn var fjölbreyttur bæði af kyni og áhugasviði. Hér getur gætt áhrifa frá hugmyndafræði að baki skólastarfi viðkomandi leikskóla og námskrá; en þar er lögð áhersla á fjölbreytileika og valdeflingu barnanna.

Fjölbreytileiki í umhverfi stuðlar að fjölbreyttri hugsun að mati Warin og Adrian (2017), að bæði karlar og konur starfi í leikskólum stuðli að auknum skilningi barna á fjölbreytileika fólks. Án efa getur kynusli kennara skapað aukna möguleika barna til að vera með kynusla. Hér er tekið undir niðurstöður rannsókna þeirra Eidevald og Taguchi (2011), Löfdahl og Hjalmarsson (2015) og Warin og Adrian (2017) um að til að ná utanum kynjafræði í leikskólastarfi sé gott að nota hugtakið „gender conscious pedagogy“. Þetta fræðafólk telur mikilvægt að greina kynbundin hegðunarmynstur meðal barna og kennara og finna mögulegar leiðir til brjóta þau upp, það geti fjölbreyttur og meðvitaður kennarahópur; konur sem karlar gert.

Rannsóknin sem hér hefur verið kynnt getur verið mikilvæg viðbót við annars fáar rannsóknir um kyngervi barna útfra sjónarhorni einstaklinga og er aukin margbreytileiki í rannsóknum.

Heimildir

- Betz, N. E. (2004). Contributions of Self-Efficacy Theory to Career Counseling: A Personal Perspective. *The Career Development Quarterly*, 52, 340–353.
- Brody, D. L. 2014. *Men who Teach Young Children. An International Perspective*. London: Institute of Education, University of London.
- Browne, N. (2004). *Gender equity in the early years*. Maidenhead: Open University Press.
- Buono, A., Bowditch J. and Lewis, J. 1985. When Cultures Collide: The Anatomy of a Merger. *Human Relations* 38(1): 477-500.
- Butler, J. (2004). *Undoing gender*. London: Routledge.
- Butler, J. (2006). *Genus ogjort: Kropp, begär och möjlig existens*. Stokkhólm: Norstedts akademiska förlag. (Upphaflega gefin út 2004).
- Cameron, C. 2001. „Promise or Problem? A Review of the Literature of men Working in Early Childhood Services.“ *Gender, Work and Organization* 8 (4): 430–453. doi: 10.1111/1468-0432.00140[CrossRef]
- Choen, L. og Manion, L. (1994). *Research methods in education*. (4. útg.) London: Routledge.
- Dahlberg, G., Moss, P. og Pence, A. (2007). *Beyond quality in early childhood education and care: Postmodern perspectives* (2. útgáfa). London: Falmer Press.
- Drange, N. og Rønning, M. (2017). Child care center staff composition and early child development. Oslo: Statistics Norway, Research Department. Nr. 870.
- Davies, B. (1989). *Frogs and Snails and Feminist Tales. Preschool Children and Gender*. Sydney, Australia: Allen and Unwin.
- Eidevald, C. (2009). *Det finns inga tjejbestämmare: Att förstå kön som position i förskolans vardagsrutiner och lek*. Doktorsritgerð: Jönköping: School of Education and Communication Jönköping University Dissertation No 4.
- Ekholm, B. og Hedin, A. (1993). *Det sitter i väggarna! Daghemsklimat – barns och vuxnas utveckling*. Lund: Studentlitteratur.
- Eneroth, B. (1984). *Hur mäter man „vackert“?: Grundbok i kvalitativ metod*. Stokkhólm: Natur og Kultur.
- Guðrún Alda Harðardóttir. (2014). *Námstækifæri barna í leikskóla : tækifæri leikskólabarna til þátttöku og áhrifa á leikskólanám sitt*. Doktorsritgerð: Háskóli Íslands, Menntavísindasvið
- Hagstofa Íslands. (2018). *Starfsfólk í leikskólum eftir kyni, starfssviðum og rekstraraðilum 1998 – 2016*. Sótt af <https://www.hagstofa.is/talnaefni/samfelag/menntun/leikskolastig/>

- Hackett, G. (1995). Self-efficacy in career choice and development. Í A. Bandura (ritstjóri). *Self-efficacy in changing societies* (bls. 232–258). Cambridge: Cambridge University Press.
- Heider, F. (1988). Fritz Heider notebooks. In Benesh-Weiner, M. (Ed.), Vol. 5. *Attributional and interpersonal evaluation* (pp. 15–85). München: Psychologie Verlags Union.
- Hoyuelos, A. (2013). The ethics in Loris Malaguzzi's philosophy and pedagogical work (Roberto Pisano þýddi). Reykjavík: Ísalda. (Upphaflega gefið út 2004).
- Hyun, E. & Choi, D. H. (2004). Examination of young children's gender-doing and gender-bending in their play dynamics: A cross-cultural exploration. *International Journal of Early Childhood*, júní 2004, 36:49.
- Jensen, J. J. 1996. „Men as Workers in Childcare Services.“ *A Discussion Paper*. ERID database. (ED403080).)
- Jóhanna Kr. Jónsdóttir og félagar. (2015). *Nú skal segja... Þróunarverkefni um jafnrétti kynjanna í leikskólanum Geislabaugi*. Reykjavík: Geislabaugur.
- Jordan, B. (2004). Scaffolding learning and co-constructing understanding. Í A., Anning, J., Cullen og M., Fleer (ritstjórar). *Early childhood education: Society and culture*. (bls. 31–42). London: SAGE.
- Katrín Friðriksdóttir og Sigrún Aðalbjarnardóttir. (2002). „Ég ákvað að verða kennari þegar ég varð sjö ára“ – Lífssaga kennara og uppeldissýn. *Uppeldi og menntun*, 11, 121–145.
- Kristín Dýrfjörð, Þórður Kristinsson og Berglind Rós Magnúsdóttir. (2013). Jafnrétti: Grunnþáttur í menntun á öllum skólastigum. Í Aldís Yngvadóttir og Sýlvía Guðmundsdóttir (ritstjórar ritraðar), Ritröð um grunnþætti menntunar. Reykjavík: Mennt- og menningarmálaráðuneyti og Námsgagnastofnun.
- Kristín Þórarinsdóttir og Rúnar Sigþórsson. (2013). Starfenda- og þátttökurannsóknir. Í Sigríður Halldórsdóttir (ritstjóri), *Handbók í aðferðafræði rannsókna* (2. útgáfa, bls. 347–360). Akureyri: Háskólinn á Akureyri.
- Löfdahl, A. og Hjalmarsson, M. (2015). Children's interpretive reproduction of gender conscious didactic agendas in Swedish pre-school. Í Brownhill, S. og Wernersson, I. (ritstj.). *Men, masculinity and teaching in early childhood education: international perspectives on gender and care*. London: Routledge.
- MacNaughton, G. (2001). Action research. Í G. MacNaughton, S. A. Rolfe og I. Siraj-Blatchford (ritstjórar), *Doing early childhood research: International perspectives on theory and practice* (bls. 208–223). Buckingham: Open University Press.
- Malaguzzi, L. (1998). Barnets – pedagogernas – föräldrarnas rättigheter. (A. Barsotti þýddi). *Modern barndom*, 5, 14–15.

- Malmqvist, M. og Thurfjell, E. (2017). *Den maskulina makten: En studie om förskolebarns normskapande i den egenvalda leken utifrån ett genusperspektiv*. Luleå: Luleå tekniska universitet. Institutionen för konst, kommunikation och lärande
- Nordvik, G. & Moe, R. (2012). Spor etter kjønnsdiskurser i barnehagepersonalets praksisfortellinger. *Nordisk Barnehageforskning* 2012;Volum 5. (6),1-10. O
- Månsson, A. (2000). *Möten som formar: Interaktionsmönster på förskola mellan pedagoger och de yngsta barnen i ett genusperspektiv*. Malmö: Lärarhögskolan i Malmö, Institutionen för pedagogik
- Nahavandi, A. og Malekzadeh, A. R. (1988). Acculturation in Mergers and Acquisitions. *The Academy of Management Review*. Vol. 13, No. 1 (Jan., 1988), pp. 79-90
- Scott, K. P., and C. G. Schau. (1985). „Sex Equity and Sex Bias Instructional Materials.“ Í *Handbook for Achieving Sex Equity Through Education*, ritstj. S. S. Klein. Baltimore: Johns Hopkins University Press.
- Sigrún Aðalbjarnardóttir. (2007). *Virðing og umhyggja: Ákall 21. aldar*. Reykjavík: Heimskringla, háskólaforlag Máls og menningar.
- Skólanámskrá leikskólans sem rannsaður var.
- Thorne, B. (1993). *Gender play. Girls and boys in school*. Buckingham: Open University Press.
- Wahlström, K. (2003). *Flickor, pojkar och pedagoger: Jämställdhetspedagogik i praktiken*. Stockholm, Sweden: Sveriges Utbildningsradio.
- Warin, J. og Adrian, V. (2017). Gender flexible pedagogy in early childhood education. *Journal of Gender Studies*, Vol. 26, No. 4, 07.2017, p. 375-386.
- Østrem, S. (2009). Barns subjektivitet og likeverd: Et bidrag til en diskusjon om barnehagens pedagogisk innhold og etiske forankring. Unpublished PhD thesis. Oslo: Oslo University.